

Vegagerðin
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri
Suðurhrauni 3
210 Garðabær



Húsavík, 10. nóvember 2021

Efni: Frágangur á skuld vegna tapreksturs almenningssamgangna.

Sem kunnugt er tók Eyþing við rekstri almenningssamgangna í landshlutanum fyrir hönd aðildarsveitarfélaga árið 2012. Vegna vanfjármögnum verkefnisins varð til skuld hjá Eyþingi við Vegagerðina sem nemur nú 40,5 milljónum króna. Samningur um almenningssamgöngur rann út eftir framlengingu í árslok 2019. Áður en samningurinn var framlengdur, fyrir árið 2019, var sett fram það afdráttarlausa skilyrði fyrir framlengingu að skuld sem orðin var til vegna þessa verkefnis fram að þeim tíma lenti ekki á landshlutasamtökunum og einnig að landshlutasamtökin myndu ekki bera kostað af rekstrinum 2019.

Vegagerðin hefur nú greitt SSNE þann kostnað sem lenti á Eyþingi/SSNE árið 2019, sbr. samning um framlengingu verkefnisins 2019, og telst það ár uppgert.

Öll gögn sem fyrir liggja staðfesta það að sú skuld sem til varð vegna taps af rekstri almenningssamgangna á ekki að lenda á landshlutasamtökunum. Var það einnig forsenda þess að samið var um framhald verkefnisins fyrir 2019 eins og fram hefur komið. Mikilvægt er að ljúka þessu máli án tafar.

Hér með er þess óskað að Vegagerðin staðfesti með skýrum og sannanlegum hætti að skuldin hafi verið greidd upp og/eða að til einhværra annarra úrræða hafi verið gripið sem leysa SSNE undan skuld sem er tilkomin vegna ofangreindrar ástæðu.

Virðingarfyllst,

f.h. SSNE

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Eyþór Björnsson".

Eyþór Björnsson

Framkvæmdastjóri